

**Nd.** **640. Frumvarp til laga** [274. mál]

um breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdastofnun ríkisins er sjálfstæð stofnun, sem annast áætlanagerð, byggðamál og lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

Stofnunin starfar í þremur deildum, áætlanadeild, byggðadeild og lánadeild.

Framkvæmdastofnun ríkisins heyrir undir ríkisstjórnina.

**2. gr.**

3. gr. laganna orðist svo:

Verkefni stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar eru m. a. þessi:

- 1) að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ráðningu forstjóra og framkvæmdastjóra deilda;
- 2) að ákveða rekstraráætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn;
- 3) að ákveða starfsáætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn og skera úr um, hver áætlunarverkefni skuli sitja fyrir. Starfsáætlun skal endurskoða á árinu, eftir því sem þurfa þykir;
- 4) að fjalla um og samþykkja allar áætlanir, sem stofnunin gerir, áður en þær eru sendar ríkisstjórninni, sbr. 9. gr., svo og skýrslur stofnunarinnar um framkvæmd áætlana;
- 5) að fara með stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands, sbr. V. kafla laga þessara;
- 6) að fara með stjórn Byggðasjóðs, sbr. VI. kafla laga þessara.

**3. gr.**

4. gr. laganna orðist svo:

Samkvæmt tillögum stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins skipar ríkisstjórnin forstjóra, er annast daglega stjórn stofnunarinnar. Á sama hátt skipar ríkisstjórnin framkvæmdastjóra áætlanadeildar, byggðadeildar og lánadeildar. Ráðning forstjóra og framkvæmdastjóra miðast við 12 mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör forstjóra, framkvæmdastjóra deilda og annarra starfsmanna.

**4. gr.**

5. gr. laganna orðist svo:

Verkefni forstjóra eru m. a.:

- 1) að gera tillögur til stjórnarinnar um allar áætlanir, sem gerðar eru á vegum stofnunarinnar;

- 2) að gera tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð, svo og um einstakar lánveitingar úr þeim;
- 3) að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunar að fengnum tillögum framkvæmdastjóra deilda, sbr. þó 3. gr. 1. tl.

**5. gr.**

8. gr. laganna falli niður.

**6. gr.**

9. gr. laganna (sem verður 7. gr.) orðist svo:

Deildin gerir áætlanir fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir.

**7. gr.**

10. gr. laganna (sem verður 8. gr.) orðist svo:

Við gerð atvinnumálaáætlana skal stofnunin hafa nán samráð við aðila vinnu- markaðarins. Einnig skal haft samráð við samtök og stofnanir atvinnuveganna, eftir því sem við á, varðandi verkaskiptingu í áætlanagerð.

**8. gr.**

11. gr. laganna (sem verður 9. gr.) breytist þannig:

- a. Niður falli orðin „til samþykktar“ í 1. mgr.
- b. 2. mgr. hljóði svo:

Framkvæmdastofnunin fylgist með framkvæmd þeirra áætlana, sem stofnunin hefur annast, í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda. Áætlanir til lengri tíma en eins árs skal stofnunin endurskoða, eftir því sem tilefni gefast.

**9. gr.**

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein (sem verður 10. gr.) í nýjum kafla (sem verður III. kafli), með fyrirsögninni: Byggðadeild.

Greinin hljóði svo:

Byggðadeild gerir áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og húsetu í byggðum landsins.

Deildin fjallar um áhrif opinberra aðgerða á byggðapróun og gerir tillögur til úrbóta, ef þörf þykir.

Byggðadeild skal í störfum sínum hafa nána samvinnu við áætlanadeild og lánadeild.

**10. gr.**

12. gr. laganna (sem verður 11. gr.) hljóði svo:

Lánadeild hefur með höndum starfrækslu Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs, sbr. ákvæði V. og VI. kafla þessara laga.

Deildin semur árlega áætlun um fjáröflun og útlán Framkvæmdasjóðs Íslands og vinnur í samvinnu við aðrar stofnanir að því að samræma áætlun þessa láns- fjáraætlun ríkisstjórnarinnar.

Deildin fylgist með fjárhag opinberra fjárfestingarsjóða og vinnur að því að samræma lánakjör þeirra og skipuleggja fjáröflun til framkvæmda með sérstöku tiliti til þess, sem forgang þarf að hafa samkvæmt áætlunum stofnunarinnar.

Lánastofnanir og opinberir sjóðir veita Framkvæmdastofnuninni almennt yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda.

**11. gr.**

Í stað „Framkvæmdaráð“ í 15. gr. laganna (sem verður 14. gr.) komi: Framkvæmdastofnunin.

12. gr.

16. gr. laganna (sem verður 15. gr.) orðist svo:  
Lánadeildin hefur vörslu og bókhald þeirra sjóða, sem á hverjum tíma eru í umsjá Framkvæmdastofnunar ríkisins, og afgreiðslu lánsfjár og innheimtu.  
Handbært fé Framkvæmdasjóðs og Bygðasjóðs skal geymt á sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands. Þó er heimilt að geyma fé á viðskiptareikningum við aðra banka eða sparisjóði ef sérstaklega stendur á.  
Árlega skal birta skrá yfir lánveitingar Framkvæmdastofnunarinnar.

13. gr.

Í stað „13. gr.“ í lok 24. gr. laganna (sem verður 23. gr.) komi: 12. gr.

14. gr.

28. gr. laganna (sem verður 27. gr.) orðist svo:  
Tekjur Bygðasjóðs eru:

- 1) Eignir Atvinnuþrófnunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 69/1966.
- 2) Framlag úr ríkissjóði, þannig að árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins verði eigi lægra en sem svarar 2% af útgjöldum fjárlaga.
- 3) Vaxtatekjur.

15. gr.

Í stað „8. gr.“ í 29. gr. laganna (sem verður 28. gr.) komi: 10. gr.

16. gr.

3. mgr. 30. gr. laganna (sem verður 29. gr.) falli niður.

17. gr.

31. gr. laganna (sem verður 30. gr.) breytist þannig:  
Orðin „ $\frac{3}{4}$  — þrem fjórðu hlutum — af“ falli niður.  
Við greinina bætist: enda sé árlega skilað skýrslu til Framkvæmdastofnunarinnar um þá starfsemi.

18. gr.

Í stað „Framkvæmdaráð“ í 32. gr. laganna (sem verður 31. gr.) komi: Framkvæmdastofnunin.

19. gr.

Í stað „300“ í 33. gr. laganna (sem verður 32. gr.) komi: 600.

20. gr.

Í stað „25. gr.“ í 34. gr. laganna (sem verður 33. gr.) komi: 24. gr.

21. gr.

35. gr. laganna (sem verður 34. gr.) orðist svo:  
Hlutaðeigandi aðilum er skylt að veita Framkvæmdastofnuninni allar upplýsingar, er hún þarf á að halda vegna skýrslugerða sinna og annarra starfa. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðin.

Um upplýsingasöfnun skal stofnunin hafa samráð við Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem hliðstæðum upplýsingum safna, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

22. gr.

Orðin „Ríkissjóður, Seðlabanki Íslands“ í 36. gr. laganna (sem verður 35. gr.) falli niður.

23. gr.

1. mgr. 37. gr. laganna (sem verður 36. gr.) orðist svo:  
Sameinað Alþingi kýs tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Framkvæmdastofnunar ríkisins, svo og þeirra sjóða, sem eru í umsjá hennar.

24. gr.

38. gr. laganna (sem verður 37. gr.) orðist svo:  
Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins annast úrlausn þeirra verkefna, sem í öðrum lögum eru falin Efnahagsstofnuninni og Þjóðhagsstofnun eru ekki falin.

Nánari ákvæði um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.  
Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 93 24 des. 1971. sbr. og 6. gr. laga nr. 54 21. maí 1974, og gefa þau út svo breytt.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í stefnuyfiriýsingu ríkisstjórnarinnar frá 29. ágúst 1974 segir svo:  
„Byggðasjóður verði efldur og verkefni hans endurskoðuð í því skyni að samræma aðgerðir í byggðamálum og sett verði heildarlöggjöf um þau efni. Framlag til sjóðsins nemi 2% af útgjöldum fjárlagafrumvarps.

Endurskoðuð verði lög Framkvæmdastofnunar ríkisins og í því sambandi mörkuð stefna um það hvernig haga skuli áætlanagerð og framkvæmdum m.a. í eftirtöldum greinum:

Endurnýjun fiskiskipaflotans.  
Endurbætur hraðfrystihúsanna.  
Uppbygging vinnslustöðva landbúnaðarins.  
Þróun iðnaðar.  
Skipan ferðamála.  
Opinberar framkvæmdir.  
Byggðarþróun í samráði við sveitarfélögin og samtök þeirra.“

Kjarni endurskoðunar laganna um Framkvæmdastofnun ríkisins er m.a. fólgin í eflingu Byggðasjóðs og ennfremur því að Framkvæmdastofnunin annist byggðamál í auknum mæli, m.a. með stofnun sérstakrar byggðadeildar. Þá kemur fram gleggri skilgreining á verkefnum lánadeildar, sérstaklega að því er varðar samvinnu við aðrar stofnanir um heildaráætlun um framkvæmdir og framkvæmdagetu þjóðarbúsins.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar frumvarpsgreinar.

**Um 1. gr.**

Ákvæði greinarinnar taka mið af því, að með l. nr. 54/1974 voru verkefni hagrannsóknadeildar falin Þjóðhagsstofnun.

Mælt er fyrir um stofnun nýrrar deildar, byggðadeildar. Aukin áhersla er lögð á störf Framkvæmdastofnunar að byggðamálum.

**Um 2.—4. gr.**

Lagt er til að leggja niður framkvæmdaráðið, sem skipað hefur verið með sérstökum hætti af ríkisstjórninni.

Hins vegar geri stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tillögur til ríkisstjórnarinnar um ráðningu forstjóra og framkvæmdastjóra deilda.

Um 5. gr.

Ákvæði 8. gr. flytjast í 9. gr. um byggðadeild.

Um 6. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að áætlanadeildin geri áætlanir fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir, eftir því sem um semst. Í stað „eftir því sem um semst“, er lagt til að komi „í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir.“

Það hefur tíðkast um of, að ráðuneyti og opinberar stofnanir hafa ráðist í framkvæmdir, án þess að fyrir liggja heildarathugun á fjárhagsgetu hins opinbera og framkvæmdagetu þjóðarbúsins á hverjum tíma. Framkvæmdastofnuninni er því m. a. ætlað það hlutverk að vinna að áætlunum fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir.

Um 7. gr.

Skýrara orðalag um samráð við samtök og stofnanir atvinnuveganna um áætlanagerðir.

Um 8. gr.

Niður er fellt að ríkisstjórnin skuli samþykkja áætlanir til að forðast þann misskilning að ríkisstjórn ábyrgist frá upphafi allt fjármagn, sem framkvæmd áætlunar kann að leiða til. Ákvarðanir um slíka fjármögnun eru teknar eftir því sem framkvæmd áætlunar skilar fram.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að stofna sérstaka byggðadeild í Framkvæmdastofnuninni.

Þessi deild taki að sér hluta þeirra verkefna, sem hafa verið falin áætlanadeildinni. Ráðgert er að byggðadeildin haldi áfram gerð landshlutaáætlana í sambengi og samræmi við heildaráætlanir áætlanaeildar.

Þá er gert ráð fyrir, að deildin fjalli sérstaklega um áhrif opinberra aðgerða á þróun byggða, fylgist vel með samanburði á lífskjörum fólks um land allt og geri tillögur til úrbóta, ef þörf er á.

Byggðadeild skal í störfum sínum hafa nána samvinnu við hinar deildirnar, m. a. varðandi útlán Bygðasjóðs.

Það er svo hlutverk forstjóra að samræma starfsemi deildanna.

Um 10. gr.

Samkvæmt lögum er Framkvæmdasjóði Íslands ætlað það hlutverk að veita lán til meiri háttar opinberra framkvæmda og fjárfestingarsjóða. Lánadeild er og ætlað að vinna að því að skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda.

Það meginverkefni lánadeildar að annast starfrækslu Framkvæmdasjóðs og Bygðasjóðs stendur óhaggað, en sett eru skýrari ákvæði um meðferð árlegrar áætlunar um lánveitingar og fjármögnun Framkvæmdasjóðs með hliðsjón af heildarlánsfjáráætlun, sem tekin hefur verið upp á vegum ríkisstjórnarinnar. Um langt árabíl hefur starfsemi Framkvæmdasjóðs verið hagað í samræmi við fyrirfram gerðar áætlanir. Var sú áætlun fyrr bundin í framkvæmda- og fjáröflunar-áætlun ríkisstjórnarinnar.

Á síðasta ári ákvað ríkisstjórnin, að fjármálaráðuneytið skyldi hafa frumkvæði að samráði opinberra stofnana á sviði fjármála, peninga- og lánamála og efnahagsmála, til þess að undirbúa árlega lánsfjáráætlanir, þ. e. heildaryfirlit yfir þróun lánamarkaðarins innanlands og heildarlántökur erlendis. Lánsfjáráætlun þessi var lögð fyrir ríkisstjórn og Alþingi fyrir lok fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1976 og verður nú komið fastri skipan á þessi mál. Er með þessari grein kveðið á um, hvernig hin

sérstaka áætlun um starfssemi Framkvæmdasjóðs ár hvert sé samræmd lánsfjár-  
áætluninni.

Lánsfjáraætlun er ætlað að vera stefnumarkandi um framkvæmdir og fram-  
kvæmdagetu Þjóðarbúsins á hverjum tíma. Ríkisstjórnin ákveður á hvern hátt láns-  
fjáraætlun er undirbúin og s.l. haust var komið á fót samvinnunefnd undir forystu  
fjármálaráðuneytis, sem Framkvæmdastofnunin á aðild að, ásamt Seðlabanka Íslands,  
Þjóðhagsstofnun og fleiri aðilum til að annast þetta verkefni.

Um 11. gr.

Breytingin leiðir af breyttri skipan mála í Framkvæmdastofnuninni.

Um 12. gr.

Hér er áfram gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að handbært fé Framkvæmda-  
sjóðs og Byggðasjóðs skuli geymt í Seðlabankanum. Þó þykir rétt, sérstaklega að  
því er varðar Byggðasjóð, að heimila Framkvæmdastofnuninni að geyma slíkt fé á  
viðskiptareikningum banka og sparisjóða viðsvegar um landið, ef sérstaklega stend-  
ur á.

Um 13. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í 2. tölulið greinarinnar er nýmæli. Þar er gert ráð fyrir að auka verulega  
tekjur Byggðasjóðs. Breytingin er fólgin í því, að í stað lögbundins framlags úr  
ríkissjóði að upphæð 100 millj. króna árlega næstu árin er lagt til, að ríkissjóður  
leggi Byggðasjóði til fjármagn, þannig að árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins verði eigi  
læggra en sem svarar 2% af útgjöldum fjárlaga.

Um 15. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að fella niður heimild til handa Byggðasjóði að gerast með-  
eigandi í atvinnufyrirtæki. Það hefur þótt gefast illa, að lánasjóðir séu eigendur  
atvinnufyrirtækja.

Um 17. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er Byggðasjóði heimilt að greiða landshlutasam-  
tökum sveitarfélaga af fé sjóðsins, sem svarar  $\frac{3}{4}$  — þrem fjórðu hlutum — af árs-  
launum starfsmanns að því tilskildu að hann vinni að undirbúningi að gerð áætlana  
fyrir viðkomandi landshluta í samvinnu við áætlanadeild. Lagt er til að auka  
þessa heimild svo hún taki til allt að árslauna starfsmanns.

Þá verður og lögð sú lagaskylda á herðar stjórnar landshlutasamtaka, sem  
njóta framlaga úr Byggðasjóði vegna vinnu við undirbúning og gerð landshluta-  
áætlana, að skila árlega skýrslu um starfsemi sína að þessu leyti.

Um 18. gr.

Breytingin leiðir af breyttri skipan mála í Framkvæmdastofnuninni.

Um 19. gr.

Hér er lagt til, að Framkvæmdastofnuninni sé heimilt að afla Byggðasjóði  
600 milljón króna að láni á ári næstu fimm árin eftir gildistöku þessara laga.

Um 20. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Fellt er niður úr greininni ákvæði um að byggingarnefndir og oddvitar sendi  
stofnuninni skýrslur, umsóknir um byggingarleyfi og veitt byggingarleyfi, þar sem

Þetta ákvæði er tekið upp í löggjöfina um Þjóðhagsstofnun, sbr. 3. gr. 2. mgr. laga nr. 54 frá 21. maí 1974. Þá er lagt til, að Framkvæmdastofnunin skuli um upplýsingasöfnun hafa samband við Þjóðhagsstofnunina og Seðlabankann auk Hagstofunnar til þess að komast hjá tvíverknaði.

Um 22. gr.

Hér er lagt til, að Byggðasjóður og Framkvæmdasjóður Íslands, svo og þeir sjóðir, sem Framkvæmdastofnuninni kann að verða falin umsjá með, greiði kostnað af starfsemi stofnunarinnar.

Um 23. gr.

Hér eru sett skýrari ákvæði um þá reglu, sem nú er í gildi.

Um 24. gr.

Lagt er til að Framkvæmdastofnunin annist úrlausn þeirra verkefna, sem í öðrum lögum eru falin Efnahagsstofnuninni, þó ekki þeirra sem Þjóðhagsstofnun eru falin. Ástæða er til að endurskoða öll lagaákvæði, sem fjalla um Efnahagsstofnunina, þar sem sú stofnun hefur verið lögð niður.

Um 25. gr.

Þarfnast ekki skýringa.